

From: Sýlvía Karen Heimisdóttir
Sent: Tue, 23 Sep 2025 13:03:58 +0000
To: skeidgnup@skeidgnup.is
Subject: FW: Aðalfundur Bergrisans bs. 2025
Attachments: Ársreikningur 2024.pdf, Samþykktir Bergrisans bs.pdf

Með bestu kveðju



Sýlvía Karen Heimisdóttir
Sveitarstjóri
Skeiða- og Gnúpverjahrepp

☎ 486-6100

✉ sylviakaren@skeidgnup.is

www.skeidgnup.is

Árnes, 804 Selfoss

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 4. mgr. 88. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 og gæta fyllsta trúnaðar. Það er óheimilt að kynna sér efni tölvupóstsins, lesa, skrá það hjá þér eða notfæra á nokkrum hátt. Brot gegn framangreindum lögum geta varðað bótaábyrgð og refsingu.

From: Bjarki R. Kristjánsson <bjarki@bergrisinn.is>
Sent: þriðjudagur, 23. september 2025 11:17
To: Valtýr Valtýsson <valtyr@asahreppur.is>; Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>; Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>; Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps <sveitarstjori@gogg.is>; Aldís Hafsteinsdóttir <aldis@fludir.is>; petur@hveragerdi.is; Einar Elínarson <sveitarstjori@vik.is>; sveitarstjori@ry.is; anton@hvolsvollur.is; sveitarstjori <sveitarstjori@klaustur.is>; Sýlvía Karen Heimisdóttir <sylviakaren@skeidgnup.is>; ellidi@olfus.is; Bragi Bjarnason <bragi@arborg.is>
Cc: Oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps <oddviti@gogg.is>; Sandra Sigurðardóttir <sandra@hk.is>; Eggert Valur Guðmundsson <eggertvalur@ry.is>; halldor.benjamin@hveragerdi.is; gesturthor@olfus.is; Íris Ellertsdóttir <iris@bergrisinn.is>; Jóhanna Margrét Einarsdóttir <johanna@bergrisinn.is>; Rósa Sif Jónsdóttir <rosa@arborg.is>; Svava Davíðsdóttir <svava@felagsmal.is>; Anný Ingimarsdóttir <anny@arnesthing.is>; Sigprúður Birta Jónsdóttir <sigthrudur.birta@arborg.is>; Eyrún Hafþórsdóttir <eyrun@olfus.is>; Erna Harðar Solveigardóttir <erna@hveragerdi.is>; Halla Steinunn Hinriksdóttir <hallast@arborg.is>; Nína Kjartansdóttir <ninak@hveragerdi.is>; Vigdís Lea Kjartansdóttir <vigdis@olfus.is>; Petrína Freyja Sigurðardóttir <petrina@felagsmal.is>; Guðbjörg Vilhjámsdóttir <gudbjorg@arnesthing.is>; dagny@arnesthing.is; Arna Ír Gunnarsdóttir <arna@arborg.is>; Guri Hilstad <guri@hvolsskoli.is>
Subject: Aðalfundur Bergrisans bs. 2025

Heil og sæl

F.h. stjórnar Bergrisans bs. er hér með boðað til aðalfundar félagsins sem haldinn verður á Teams, fimmtudaginn 9. október 2025 kl. 13.

Skv. samþykktum er fundarboð þetta sent á framkvæmdastjóra aðildarsveitarfélaga og telst það fullnægjandi boðun. Þeir sem eru kjörgengir til setu sem aðal- og varafulltrúar aðildarsveitarfélaga á fundinum eru aðal- og varamenn í sveitarstjórnnum og framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga. Skal framkvæmdastjóri senda kjörbréf eða upplýsingar um aðal- og varafulltrúa í síðasta lagi tveimur dögum fyrir fund á netfangið bjarki@bergrisinn.is og ef forföll verða skal aðalfulltrúi boða varafulltrúa á fundinn í sinn stað. Aðalfulltrúar, eða eftir atvikum varafulltrúar, hafa atkvæðarétt á fundinum og er fjöldi þeirra sem hér segir (miðað við íbúafjölda 1. Janúar 2025):

Ásahreppur	2
Bláskógabyggð	4
Flóahreppur	3
Grímsnes- og Grafningshreppur	3
Hrunamannahreppur	3
Hveragerðisbær	6
Mýrdalshreppur	4
Rangárþing eystra	5
Rangárþing ytra	5
Skaftárhreppur	3
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	3
Sveitarfélagið Árborg	15
Sveitarfélagið Ölfus	5

Stjórnarmenn byggðasamlagsins, framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga (aðrir en aðal- eða varafulltrúar á fundinum), kjörnir aðalfulltrúar í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna (aðrir en aðal- eða varafulltrúar á fundinum) og lykilstarfsmenn aðildarsveitarfélaganna hafa rétt til áheyrnar á aðalfundum byggðasamlagsins með málfrelsi og tillögurétt.

Dagskrá fundarins er sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skipun þriggja aðila í kjörbréfanefnd
3. Skýrsla stjórnar
4. Kynning á ársreikningi 2024
5. Kynning á útkomuspá og fjárhagsáætlun
6. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörbréfanefndar
7. Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikning, útkomuspá og fjárhagsáætlun.
Útkomuspá og fjárhagsáætlun lagðar fram til samþykktar
8. Skýrsla þjónusturáðs
9. Kynning á uppbyggingaráætlun Bergrisans
10. Þóknun stjórnar
11. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins (ef einhverjar eru)
12. Ráðning löggilts endurskoðanda
13. Önnur mál

Meðfylgjandi er ársreikningur 2024 og samþykktir Bergrisans bs.

Kosið er í stjórn til tveggja ára í senn og er stjórn byggðasamlagsins skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara. Ekki er kosið til stjórnar á þessu ári.

Lagt er til að þóknun stjórnar sé óbreytt, þ.e. 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund (allir nema formaður) og 4,5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund hjá formanni. Þá er lagt til að PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, sinni áfram endurskoðun félagsins. Ekki eru lagðar fram tillögur að breytingum á samþykktum af hálfu stjórnar. Tillögur til breytinga á samþykktum og aðrar tillögur til aðalfundar skulu berast stjórn félagsins og/eða skrifstofustjóra (bjarki@bergrisinn.is) í síðasta lagi sjö dögum fyrir fund.

Með góðri kveðju

Bjarki R. Kristjánsson

Skrifstofustjóri
Bergrisinn bs.
Arnardrangur hses.